

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjendurnir Tryggvi Gunnarsson og Halldór Pjetursson eiga fyrir kærum og kröfum stefnda Bjarna Arngrímssonar í þessu máli sýknir að vera. Málskostnaður falli niður.

Nr. 16/1890.

Hans Guðmundsson
gegn
Ólafi Oddssyni.

D ó m u r :

Þetta mál er í hjerði höfðað af hinum stefnda Ólafi Oddssyni gegn áfrýjandanum Hans Guðmundssyni fyrir það, að áfrýjandinn hafi dróttað að stefnda sauðapjófnaði og komið til leiðar ólöglegri þjófaleit hjá honum og með þessu móti ærumeitt hann. Málið var dæmt í aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, 18. nóv. f. á., á þann hátt, að Hans Guðmundsson skyldi greiða 20 kr. sekt í landssjóð og að auk 20 kr. í málskostnað.

Þessum aukarjettardómi hefur Hans Guðmundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. apríl þ. á., og eru hans rjettarkröfur þessar: fyrst og fremst, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, en til vara, að áfrýjandinn verði algjörlega sýknaður í málinu. Auk þessa krefst hann málskostnaðar fyrir báðum rjettum, að minnsta kosti 150 kr.

Á hinn bóginn er það krafa hins stefnda Ólafs Oddssonar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandinn verður dæmdur til aðgreiða málskostnað fyrir yfirdómi, 80 kr. að minnsta kosti.

Það verður að álíta, að kröfur hins stefnda hafi verið nægilega tilgreindar í sáttakærunni og að sætt hafi verið reynd um miskliðina út af þeim yfir höfuð að tala; enn fremur virðist sakarefnið vera nægilega skýrt framtekið í undirrettarstefnunni, þótt kröfurnar sjeu þar eigi nákvæmlega tilgreindar — og verður hinn áfrýjaði dómur því eigi dæmdur ómerkur, samkvæmt kröfu áfrýjandans.

Samkvæmtskýrslum málsins kom hlutadeigandi hreppstjóri til hins stefnda hinn 4. sept. f. á., ásamt 4 öðrum mönnum. og var áfrýjandi einn af þeim, og segir hreppstjóri þá við stefnda, að þeir ætli að skoða fje hans, og telur sem ástæðu fyrir því, «að Ívar (maður, sem var með í förinni) segi, að Hans á Hallfríðarstöðum eigi 2 ær kollóttar í ám hans (þínum) og þá þriðju, dilká, segir *Hans*, að sje hjá sjer». Hinn stefndi hafði ekkert á móti því, að fjeð væri rekið saman og skoðað; var það síðan gjört, og fannst þá ekkert athugavert, að því er snerti kinda-eign hins stefnda. Þessar aðfarir, sem stefndi telur vanvirðandi fyrir sig, segir hann að hafi fram farið að tilstilli áfrýjanda.

Það er nú eigi komið fram í málinu að áfrýjandinn hafi borið upp á stefnda sauðapjófnað, og eigi er það heldur sannað, að hann hafi fengið hreppstjórnann til að fara á heimili hins stefnda til rannsóknar við umgetið tækifæri, enda verður skodun sú á fje stefnda, er þá var gjörð, eigi kölluð þjófaleit, með því að hinn stefndi sjálfur bauð fjeð fram til skodunar. Áfrýjandinn verður því eigi dæmdur fyrir ærumeiðingar í máli þessu og ber að sýkna hann fyrir kæru hins stefnda. Eptir málavöxtum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda 25 kr. sem málskostnað.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi Hans Guðmundsson á að vera sýkn fyrir kærnum og kröfum stefnda, Ólafs Oddssonar, í máli þessu. Sem málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 25 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 24/1890.

Jón Jónsson Austmann
 gegn
 Birni Jónssyni.

Í máli þessu var áfrýjunarstefna útgefin á skrifstofu yfirdómsins 11. ágúst þ. á. og átti það eptir stefnunni að koma fyrir til meðferðar í yfirdóminum 8. þ. m., en þá mætti áfrýjandinn ekki og enginn fyrir hans hönd, og var yfirdómsstefnan eigi lögð fram í rjettinum þenna dag. Með því nú hinn stefndi þá ljet mæta rjettinum, verður að álíta það sannað, að stefnan hafi verið birt honum, og ber því eptir kröfu hans og samkvæmt N. L. 1. 4. 34. að dæma honum hæfilega upphæð í «kost og tæringu», sem ákveðst 6 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn Jón Jónsson Austmann á að greiða hinum stefnda Birni ritstjóra Jónssyn 6 — sex — krónur í «kost og tæringu», er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.